# GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Breiðuvíkurhreppi árið 1993.**

1.gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1993, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| Lögbýli, íbúðir og sumarhús á sérmetnum lóðum | sorphirðugjald | 7 000 |
| Fyrirtæki og stofnanir | sorphirðugjald | 14 000 |
| eða eftir samkomulagi. | | |

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 18. febrúar 1993.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

19. febrúar 1993 Nr. 93

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði fyrir umferð um Grófarsel gagnvart umferð um Seljaskóga.
2. að eftirfarandi götur verði framvegis aðalbrautir sbr. eftirfarandi:
   1) Gagnvegur, sem þó víkur fyrir Fjallkonuvegi og Víkurvegi
   2) Strandvegur
   3) Hallsvegur, sem víkur fyrir Strandvegi og Víkurvegi
   4) Borgarvegur, sem víkur fyrir Strandvegi og Víkurvegi.
3. að bann við akstri vinnuvéla á Vesturlandsvegi milli „sv-rampa frá Miklubraut“ og „rampa frá Vesturlandsvegi að Rafstöðvarvegi“ gildi árdegis frá kl. 07:30 til 09:00 og síðdegis frá 16:30 til 18:30, í stað þess að vera bannað allan sólarhringinn eins og hefur verið.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. mars 1993.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. febrúar 1993.*

**Böðvar Bragason.**